

## IV. KAFLI

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 164 2. október 1962 ásamt síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. apríl 1972.*

Magnús Kjartansson.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

Nr. 77.

4. apríl 1972

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

## I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

## A. Lýsing.

- A 1. Um kwst.mæli á kr. 8.80 hver kwst.
- A 2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hver kwst. auk fastagjalds af gólfleti, er nemi kr. 44.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.
- A 3. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kwst.mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kwst. gjaldi samkv. A 1 og kwst. gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

## B. Almenn heimilisnotkun.

- B 1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
    - a. Orkugjald kr. 2.78 hver kwst.
    - b. Grunnjald (mælaleiga innifalin):
 

Af einfasamælingu .....	kr. 24.00 á mán.
Af þrifasamælingu .....	— 48.00 — —
c. Herbergisgjald .....	— 24.00 — —
- Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.
- Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.
- Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

## C. Vélanotkun.

- C. 1. Um kwst.mæli á kr. 4.85 hver kwst.
 

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kw. í málaun véla.

- C 2. Um kwst.mæli þannig reiknað, enda sé málaun véla yfir 40 kw.:
- Orkugjald kr. 1.01 hver kwst.
  - Aflgjald af notuðu afli kr. 3070.00 á ári hvert kw.  
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins.
- C 3. Um kwst.mæli þannig reiknað, enda sé málaun véla yfir 40 kw.:
- Orkugjald kr. 1.01 hver kwst.
  - Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 2 740.00 á hvert kw. í málaun véla.  
Raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8.  
Sé fasviksstuðull lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, miðast aflgjaldið við 80% sýndarafslins.  
Uppsetning rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafizt að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.8.

#### D. Hitun.

- D 1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst.  
Frá og með 1. marz 1972 innheimtist söluskattur ekki af raforku til húshitunar.

#### E. Önnur raforkunotkun.

- E 1. Raforku til suðu má selja til gísti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 2.78 hver kwst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.
- E 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 5.00 hver kwst.
- E 3. Til fasttengdra hökunarofna, vatns- og gufukatla á brauðgerðarhúsum kr. 1.15 hver kwst., enda sé notkun takmörkuð frá kl. 22.00 til kl. 10.00.
- E 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 4.60 hver kwst.
- E 5. Til götu- og útilýsingar kr. 1.75 hver kwst., enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar, og sér um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 A og minna .....	kr. 10.00 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni .....	— 20.00 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum 50 A til 100 A .....	— 33.00 — —
4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennumæla) ..	— 66.00 — —
5. Af mestaafismælum 100 A og minni .....	— 66.00 — —
6. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennumæla) .....	— 110.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

### III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð), og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð), samkv. eftirfarandi reglu:

Heimtaugargjald fyrir allt a, 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug, reiknast eftir þessari jöfnu ( $3300 + 330 \times \text{kVA}$ ) krónur. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu leið (greiðfæra) að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í. Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu, (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknast frá loftlínustólpa og inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal akbrautin (breidd hennar) dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig:  $Y_j = (410 + 5 \times \text{kVA})$  kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig:  $Y_l = (86 + \times \text{kVA})$  kr./m að viðbættum 4 300.00 kr. á hvern staur í umfram lengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amp. einfasa .....	kr. 1 600.00
60 amp. þriggjafasa .....	— 2 000.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri, að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis skal notandinn greiða mismun samkv. gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma), og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt, þegar sótt er um heimtaug.

Tafla yfir heimtaugargjöld.

Gjaldskrár- líður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi amp.	Hámarksafli kVA	Heimtaugar- gjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	7 600.00
2.	3 × 60	1 × 60	22	10 600.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	15 800.00
4.			50 sp.	19 800.00
5.		3 × 100	66	25 000.00
6.	3 × 200		75 sp.	28 000.00
7.			100 sp.	36 000.00

Gjaldskrár- liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi amp.	Stofnvara í 3 × 330 V kerfi amp.	Hámarksafli KVA	Heimtaugar- gjald kr.
8.	3 × 350	2 × 200	132	47 000.00
9.			150 sp.	53 000.00
10.			200 sp.	69 000.00
11.		3 × 350	231	80 000.00
12.			300	102 000.00

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að heita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 150.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkv. samningi við Rafmagnsveitu ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, má hækka rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma

#### VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur skv. lögum nr. 10/1960, ásamt síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, er um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja nr. 83 6. marz 1970 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. apríl 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

### I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 11.35 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 5.70 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 33.00 á hvern fermeter gólfplatar í rúmi því er lýsa skal.